

AUGLÝSING

um samkomulag við Kanada um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum.

Samkomulag um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Kanada, sem gert var í Reykjavík 24. mars 1998, öðlaðist gildi sama dag. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Kanada.

Inngangsorð.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Kanada (hér á eftir nefndar „aðilarnir“)

óska þess að styrkja rótgróin bönd vináttu og samvinnu milli landanna tveggja,

ARRANGEMENT on Trade and Economic Cooperation between the Government of the Republic of Iceland and the Government of Canada

Preamble

The Government of the Republic of Iceland and the Government of Canada (hereinafter referred to as “the Parties”),

Desiring to enhance the traditional bonds of friendship and cooperation between the two countries,

árétta réttindi og skyldur hvors ríkis um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn“) og öðrum marghliða gerningum, einkum gerningum Efnahags-samvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), svo og samkvæmt tvíhliða gerningum um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum,

staðfesta gagnkvæma skuldbindingu um að vinna að virkri framkvæmd WTO-samningsins,

vekja athygli á því hve mikilvægt þær telja að þróa tengsl yfir Atlantshafið,

stefna að því að efla, með áframhaldandi og stofnanabundnum viðræðum, rammaskilyrði sem eru hagstæð fyrir viðtækari og fjölbreyttari tvíhliða viðskipti og fjárfestingar,

óska þess að kanna tækifæri til að efla tvíhliða samvinnu á öðrum sviðum og

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. Markmið.

Aðilarnir munu leitast við að:

- a) styrkja efnahagstengsl milli landanna tveggja, einkum viðskipti með vörur og þjónustu, svo og fjárfestingar;
- b) efla samvinnu sín á milli með það í huga að afnema höft á viðskiptum milli landanna með því að bera kennsl á og vinna að því að nema úr gildi ráðstafanir sem hindra eða raska tvíhliða viðskiptum og fjárfestingum; og
- c) auka þátttöku einkafyrirtækja í báðum löndum, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í tvíhliða samvinnu.

II. Afnáam hafta á viðskiptum og fjárfestingu.

1. Aðilarnir munu, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, einkum innan ramma WTO-samningsins og á vettvangi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), leitast við að skapa sem hagstæðust skilyrði fyrir afnáam hafta á viðskiptum með vörur og þjónustu og fjárfestingum milli landanna í samræmi við meðfylgjandi sameiginlega vinnuáætlun.
2. Aðilarnir munu starfa saman að fjárfestingamálum með sérstakri áherslu á samvinnu um þróun marghliða fjárfestingasáttmála og skilvirkar vinnuáætlunar innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Reaffirming their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organization, (hereinafter the “WTO Agreement”) and other multilateral instruments, in particular of the Organization for Economic Cooperation and Development (OECD), as well as under bilateral instruments of trade and economic cooperation,

Acknowledging their mutual commitment toward the effective implementation of the WTO Agreement,

Noting the importance they attach to the development of transatlantic relations,

Aspiring to strengthen through continued and institutionalized dialogue, framework conditions favourable to the expansion and diversification of bilateral trade and investment,

Wishing to explore opportunities to strengthen bilateral cooperation in other areas and activities,

Have reached the following understanding:

I Objectives

The Parties will seek to:

- (a) enhance economic relations between the two countries, in particular trade in goods and services as well as investment;
- (b) strengthen their cooperation with a view to liberalizing trade between them by identifying and working toward the removal of measures that impede or distort bilateral trade and investment flows; and
- (c) increase the participation of the private sector in both countries, in particular smaller and medium-sized enterprises, in bilateral cooperation.

II Liberalization of trade and investment

1. In conformity with their international commitments, especially within the context of the WTO Agreement and the Organization for Economic Cooperation and Development (OECD), the Parties will endeavour to create the most favourable conditions for the liberalization of trade in goods and services as well as of investment between them in accordance with the enclosed Joint Work Program.
2. The Parties will collaborate on investment issues, with a particular focus on cooperating in the development of a Multilateral Agreement on Investment and an effective work program in the WTO.

3. Aðilarnir munu kanna öll úrlausnarefni sem skilgreind eru í sameiginlegu vinnuáætluninni og áhrif hafa á tvíhliða efnahagstengsl eða hagsmuni hvors aðila um sig að því er varðar viðskipti og fjárfestingar í þriðju löndum, að meðtöldum marghliða og fjölbjóðlegum úrlausnarefnum sem varða sameiginlega hagsmuni aðilanna og upp koma á sameiginlegum vettvangi.

III. Kynning á viðskiptum og fjárfestingu.

1. Aðilarnir munu hvetja til víðtækari viðskipta og fjárfestinga milli einkafyrirtækja í löndunum tveimur.
2. Þeir munu í þessum tilgangi einkum leggja rækt við regluleg upplýsingaskipti um tækifæri á sviði viðskipta og fjárfestinga og annars konar frumkvæði til kynningar, meðal annars sambönd á vettvangi fyrirtækja, í samræmi við sameiginlegu vinnuáætlunina sem fylgir þessu samkomulagi.

IV. Ráðgjafarhópur.

1. Aðilarnir koma hér með á fót ráðgjafarhópi til að tryggja framkvæmd þessa samkomulags og að markmið þess náist. Fulltrúi ríkisstjórnar Kanada verður utanríkisviðskiptaráðherra og fulltrúi ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands verður utanríkisráðherra, eða þeir sem ráðherrarnir tilnefna. Fulltrúum einkafyrirtækja er heimil þátttaka í ráðgjafarhópnum, með samþykki beggja aðila.
2. Ráðgjafarhópurinn kemur saman reglubundið, að öðru jöfnu á átján mánaða fresti, til skiptis í Kanada og á Íslandi, eftir því sem aðilarnir koma sér saman um. Fer sá aðili með fundarstjórn sem heldur fund ráðgjafarhópsins hverju sinni.

V. Viðræður.

Hvorum aðila um sig er heimilt að fara fram á viðræður við hinn aðilann um hver þau úrlausnarefni sem varða tvíhliða efnahagstengsl, viðskipti og fjárfestingar. Slíkar viðræður skulu fara fram án tafar.

VI. Lokaákvæði.

1. Ekkert í þessu samkomulagi hefur áhrif á réttindi og skyldur hvors aðila um sig gagnvart hinum samkvæmt samningum eða öðrum gerningum sem þeir eru báðir aðilar að.

3. The Parties will examine all questions defined in the Joint Work Program influencing bilateral economic relations or their respective interests in respect of trade and investment in third countries, including multilateral and plurilateral questions of common interest arising in appropriate fora.

III Promotion of trade and investment

1. The Parties will encourage the expansion of trade and investment between the private sectors of both countries.
2. To this end they will, in particular, foster regular exchanges of information on opportunities for trade and investment and for other promotional initiatives, including contacts at the business level, in accordance with the Joint Work Program attached to this Arrangement.

IV Consultative Group

1. The Parties hereby establish a Consultative Group to ensure the implementation of this Arrangement and the fulfilment of its objectives. The Government of Canada will be represented by the Minister for International Trade and the Government of the Republic of Iceland will be represented by the Minister for Foreign Affairs and External Trade, or their designees. Private sector representatives may participate in the Consultative Group, with the consent of both Parties.
2. The Consultative Group will convene periodically, ordinarily every eighteen months, alternately in Canada and Iceland, as may be arranged by the Parties. Sessions of the Consultative Group will be chaired by the host Party.

V Consultations

Either Party may request consultations with the other Party regarding any question relative to bilateral economic relations, trade and investment. Such consultations will take place promptly.

VI Final Clauses

1. Nothing in this Arrangement affects the respective rights and obligations of either Party to the other Party under Agreements, Conventions or other instruments to which they are both Parties.

2. Breyta má þessu samkomulagi með skriflegu samþykki beggja aðila.
3. Samkomulagið öðlast gildi við undirritun og gildir allt þar til annar aðilinn segir því upp með því að tilkynna hinum aðilanum um það með 180 daga fyrirvara.

Gjört í tvíriti í Reykjavík hinn 24. mars 1998 á íslensku, frönsku og ensku og eru allir textarnir jafngildir.

Helgi Ágústsson
Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

Marie-Lucie Morin
Fyrir hönd ríkisstjórnar
Kanada

VIÐAUKI

Sameiginleg vinnuáætlun.

1. Þessi sameiginlega vinnuáætlun er óaðskiljanlegur hluti samkomulags um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Kanada sem undirritað var í Reykjavík hinn 24. mars 1998.
2. Í samræmi við markmið fyrrnefnds samkomulags eru forgangsverkefni sameiginlegu vinnuáætlunarinnar eftirfarandi:
 - a) *Afnám viðskiptahafta og efling efnahags-samvinnu*
að bera kennsl á og greina þætti og ráðstafanir sem hafa áhrif á tvíhliða viðskipti og fjárfestingar, einnig í þriðju löndum;

að skilgreina valkosti og viðeigandi aðgerðir til að stuðla að markaðsaðgangi fyrir vörur og þjónustu; og
að starfa saman innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, meðal annars á sviði viðskipta og umhverfis, viðskipta og samkeppni, ráðstafana vegna hugverkaréttar sem tengjast viðskiptum og á sviði tæknilegra viðskiptahindrana, svo og við að afnema í áföngum höft á opinberum innkaupum og fjárfestingum.
 - b) *Efling viðskipta og fjárfestinga*
að skiptast á upplýsingum um tækni, alþjóðaviðskipti og viðskiptatækifæri á öllum sviðum efnahagslífsins;

2. This Arrangement may be amended by the written concurrence of both Parties.
3. The Arrangement comes into effect on signature and will remain in effect unless terminated by either Party on 180 days notice to the other Party.

Done in duplicate at Reykjavík, on this 24th day of March 1998 in the Icelandic, French and English languages, each language version being equally valid.

Helgi Ágústsson
For the Government
of the Republic of Iceland

Marie-Lucie Morin
For the Government
of Canada

ANNEX

Joint Work Program

1. This Joint Work Program constitutes an integral part of the Arrangement on Trade and Economic Cooperation between the Government of the Republic of Iceland and the Government of Canada signed at Reykjavík on March 24 1998.
2. The Joint Work Program, in conformity with the objectives of the said Arrangement, will include the following areas of priority interest:
 - a) *Liberalization of trade and strengthening of economic cooperation*
identification and analysis of factors and measures, including those of third countries, influencing bilateral trade and investment;
definition of options and appropriate actions in order to promote market access for goods and services; and
cooperation in the WTO inter alia in trade and environment, trade and competition, trade-related intellectual property measures and technical barriers to trade, as well as the progressive liberalization of public procurement and investment.
 - b) *Promotion of trade and investment*
the exchange of information on technology, international trade and on business opportunities in all economic sectors;

að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að taka þátt í samvinnu á sviði viðskipta og efnahagsmála;
að stuðla að viðskiptaferðum, kaupstefnum og vörusýningum, málþingum, ráðstefnum og tækn kynningum;

að hvetja til sameiginlegs átaks einkafyrirtækja á mörkuðum þriðju landa; og

að stuðla að samstarfi í sjávarútvegi.

3. Ráðgjafarhópnun er heimilt að endurskoða þessa sameiginlegu vinnuáætlun og breyta henni reglubundið.

the encouragement of small and medium-sized enterprises to participate in trade and economic cooperation;

the promotion of economic missions, trade fairs and industrial expositions, symposia, conferences and technical presentations;

the encouragement of joint efforts of the private sector in third country markets; and

the promotion of cooperation in the fisheries sector.

3. The present Joint Work Program may be reviewed and revised periodically by the Consultative Group.